

377. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 19. ágúst 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Eyþór Benediktsson, varaformaður
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, varamaður
Hilmar Halvarðsson, varamaður
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Varaformaður setti fund og fól bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 4.8.2004.
Fundargerð framlögð og samþykkt, en lið tvö vísað til bæjarstjórnar.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 146. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 10.8.2004
Fundargerð framlögð.
3. Fjölbrautaskóli Snæfellinga.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir framvindu mála.
4. Noregsferð sveitarstjórnarmanna á vegum SSV.
Framlagt. Samþykkt að Dagný Þórisdóttir, Guðmundur Kristinsson og Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri fari í Noregsferð sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi.
5. Styrkur til UNICEF.
Bæjarráð samþykkir að veita UNICEF kr. 100.000 styrk, fyrir hinn frábæra árangur Viktoríu Áskelsdóttur að synda yfir Breiðafjörð.
6. Bætur vegna stöðvunar skelveiða.
Rætt var um stöðuna og hvernig staðið væri að rannsóknun. Bæjarráð felur forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra að skrifa bréf til Hafrannsóknarstofnunar varðandi rannóknir á skel í Breiðafirði.
7. Erindi Hlyns Bæringssonar.
Bæjarráð samþykkir að veita styrk kr. 60.000 til verkefnisins.
8. Skákmót í Flatey.
Bæjarráð samþykkir að veita kr. 50.000 peningaverðlaun.
9. Nemendagjöld í Egilshúsi.
Framlögð tillaga samþykkt.
10. Ráðstöfun eigna- Frúarhús.
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að útbúa lóðarsamning fyrir Frúarhúsið og seta húsið á sölu.
11. Bréf Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra, dags. 10.8.2004.
Bréfið framlagt og ákveðið að senda íþróttanefnd og félagi eldri borgara Aftanskin bréfið.
12. Lóðarumsókn.
Bæjarráð samþykkir að veita Jóni Inga Hjaltalín og Eddu Sóleyju Kristmannsdóttur lóðina að Hjallatanga 13.
13. Hilmar Hallvarðsson spurðist fyrir um mótuneyti við Grunnskóla Stykkishólms.
Eyþór svaraði fyrirspurninni.

14. Hilmar Hallvarðsson kom með fyrirspurn um samskipti bæjaryfirvalda við verktaka.

Bæjarstjóri svaraði fyrirspurninni.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25.

Þór Örn Jónsson bæjarritari